

Vestfirðingabann

Á baksíðu nýjasta tölublaðs Bændablaðsins, mál gagns bænda og landsbyggðar, birtist ofangreind fyrirsögn. Þar er því lýst hvernig ýmist kærur eða beinlínis opinber bönn hafa tafið eða komið í veg fyrir framkvæmdir til atvinnusköpunar eða bráðnauðsynlegrar samgöngur. Flest þessi mál eru í hnút þrátt fyrir að sveitastjórnir og Vestfjarðastofa hafi lagt sig fram við að koma þeim í höfn. Ég tel því að forystumönnum í sveitastjórnnum og atvinnulífi væri mikill styrkur að því að finna í verki eindregin stuðning almennings á Vestfjörðum. Ég vildi því leggja til að sveitastjórnir og Vestfjarðastofa boðuðu til annars borgarafundar fyrir októberlok, sem mætti t.d. halda samtímis á Ísafirði og Patreksfirði, og sendu þannig ráðamönnum og stofnanaveldi landsins skýr skilaboð um vilja fólksins.

Bolungarvík 6. október 2018

Með bestu kveðjum,

Guðmundur Halldórsson,

fyrirverandi skipstjóri, Bolungarvík